**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ** **21. mars 2002**

# Greiðsluafkoma ríkissjóðs
# janúar - febrúar 2002

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrstu tvo mánuði ársins 2002. Uppgjörið hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstreymisyfirlit. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Handbært fé frá rekstri nam 3,3 milljörðum króna samanborið við 2,2 milljarða á sama tíma í fyrra. Heildartekjur námu 41½ milljarði króna og hækka um tæplega 1½ milljarð frá fyrra ári, eða um 3,5%. Til samanburðar má nefna að almennar verðbreytingar námu um 9% á þessu tímabili. Þessar tölur endurspegla því áframhaldandi samdrátt innlendrar eftirspurnar. Tekjur af virðisaukaskatti eru nánast óbreyttar að krónutölu frá því í fyrra og vörugjald af bifreiðum lækkar um þriðjung. Tekjuskattar einstaklinga og fjármagnstekjuskattur skila hins vegar umtalsverðum tekjuauka miðað við fyrra ár. Samanlagt aukast skatttekjur um 3½% milli ára sem jafngildir 5% samdrætti að raungildi. Innheimtar tekjur eru í samræmi við áætlun.

Greidd gjöld nema 38,2 milljörðum króna og hækka um 0,3 milljarða frá fyrra ári, eða aðeins 0,8%. Greiðslur til almennra mála og félagsmála hækka samtals um 4,2 milljarða, en á móti vega 3,6 milljarða lægri greiðslur vaxta auk ½ milljarðs króna lækkunar á greiðslum til landbúnaðarmála. Þar sem uppgjörið nær aðeins til tveggja mánaða er samanburður við fyrra ár og áætlun háður nokkurri óvissu vegna þess að greiðslur geta færst til milli mánaða.

Lántökur innanlands námu 1,1 milljarði króna en afborganir voru tæpar 400 m.kr. Gjalddagi erlends langtímaláns var fjármagnaður með lántöku á erlendum skammtímamarkaði. Þá var 1,5 milljarður greiddur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 2,2 milljarða króna, samanborið við 0,9 milljarða á sama tíma í fyrra.

## *Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar*
***(Í milljónum króna)***

| | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| Innheimtar tekjur........................................... | 25.722 | 31.706 | 36.708 | 40.070 | 41.483 |
| - Sala eigna……………………………………….. | 41 | 6 | 41 | -37 | -28 |
| Greidd gjöld.................................................. | 24.625 | 28.311 | 30.715 | 37.853 | 38.173 |
| **Handbært fé frá rekstri...............................** | **1.056** | **3.389** | **5.952** | **2.180** | **3.281** |
| **Fjármunahreyfingar...................................** | **1.173** | **-1.763** | **3.433** | **-1.597** | **-126** |
| **Hreinn lánsfjárjöfnuður..............................** | **2.229** | **1.626** | **9.385** | **583** | **3.155** |
| **Afborganir lána..........................................** | **-866** | **-12.200** | **-10.648** | **-5.041** | **-10.687** |
| Innanlands................................................ | -866 | -5.804 | -7.360 | -5.041 | -599 |
| Erlendis..................................................... | 0 | -6.396 | -3.288 | 0 | -10.088 |
| **Greiðslur til LSR og LH.............................** | **0** | **-500** | **-1.000** | **-2.500** | **-1.500** |
| **Lánsfjárjöfnuður. brúttó............................** | **1.363** | **-11.074** | **-2.263** | **-6.958** | **-9.033** |
| **Lántökur.....................................................** | **924** | **3.270** | **3.436** | **7.837** | **11.185** |
| Innanlands................................................ | 3.989 | -2.850 | 1.499 | 4.435 | 1.062 |
| Erlendis.................................................... | -3.065 | 6.120 | 1.937 | 3.402 | 10.123 |
| **Greiðsluafkoma ríkissjóðs.........................** | **2.287** | **-7.804** | **1.173** | **879** | **2.152** |

## *Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar*
***(Í milljónum króna)***

| | 2000 | 2001 | 2002 | Breyting frá fyrra ári. % 1999 | 2000 | 2001 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skatttekjur í heild...............................** | **34.088** | **37.131** | **38.483** | **23,5** | **17,1** | **8,9** | **3,6** |
| **Skattar á tekjur og hagnað.............** | **12.052** | **13.972** | **15.710** | **13,7** | **26,3** | **15,9** | **12,4** |
| Tekjuskattur einstaklinga.............. | 7.409 | 8.104 | 9.426 | 14,3 | 14,1 | 9,4 | 16,3 |
| Tekjuskattur lögaðila.................... | 917 | 1.195 | 690 | -5,2 | 38,9 | 30,3 | -42,3 |
| Skattur á fjármagnstekjur............. | 3.726 | 4.673 | 5.594 | 18,5 | 55,8 | 25,4 | 19,7 |
| **Tryggingagjöld...............................** | **3.207** | **3.292** | **3.659** | **5,6** | **9,8** | **2,7** | **11,1** |
| **Eignarskattar..................................** | **1.580** | **1.759** | **1.263** | **32,7** | **33,0** | **11,3** | **-28,2** |
| **Skattar á vöru og þjónustu............** | **17.209** | **18.019** | **17.784** | **34,2** | **11,5** | **4,7** | **-1,3** |
| Virðisaukaskattur......................... | 11.355 | 12.021 | 11.972 | 43,5 | 18,3 | 5,9 | -0,4 |
| Aðrir óbeinir skattar........................ | 5.852 | 5.998 | 5.810 | 21,3 | 0,4 | 2,5 | -3,1 |
| Þar af: | | | | | | | |
| Vörugjöld af ökutækjum............. | 808 | 591 | 393 | 64,7 | -1,1 | -26,9 | -33,5 |
| Vörugjöld af bensíni.................... | 803 | 1.053 | 945 | -14,4 | -17,8 | 31,1 | -10,3 |
| Þungaskattur............................ | 1.011 | 1.005 | 945 | 12,1 | 1,9 | -0,6 | -6,0 |
| Áfengisgjald og hagn. ÁTVR........ | 1.093 | 1.222 | 1.194 | 25,2 | -8,5 | 11,8 | -2,3 |
| Annað.......................................... | 2.137 | 2.127 | 2.333 | 39,2 | 15,6 | -0,5 | 9,7 |
| **Aðrir skattar....................................** | **40** | **89** | **67** | **-3,0** | **25,0** | **122,5** | **-24,7** |
| **Aðrar tekjur.......................................** | **2.621** | **2.937** | **3.002** | **27,2** | **1,0** | **12,1** | **2,2** |
| **Tekjur alls.........................................** | **36.708** | **40.070** | **41.483** | **23,7** | **15,8** | **9,2** | **3,5** |

## *Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar*
***(Í milljónum króna)***

| | 2000 | 2001 | 2002 | Breyting frá fyrra ári. % 1999 | 2000 | 2001 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Almenn mál.......................................** | **3.443** | **3.120** | **3.839** | **7,3** | **30,3** | **-9,4** | **23,0** |
| Almenn opinber mál........................ | 2.097 | 1.799 | 2.390 | 7,9 | 26,2 | -14,2 | 32,9 |
| Löggæsla og öryggismál................. | 1.347 | 1.322 | 1.449 | 6,3 | 37,3 | -1,9 | 9,6 |
| **Félagsmál.........................................** | **16.354** | **19.519** | **23.040** | **8,4** | **1,8** | **19,4** | **18,0** |
| Þar af: Fræðslu- og menningarmál..... | 4.159 | 4.769 | 5.641 | 28,2 | 2,8 | 14,7 | 18,3 |
| Heilbrigðismál......................... | 6.051 | 7.651 | 9.206 | 7,4 | -2,0 | 26,4 | 20,3 |
| Almannatryggingamál............. | 5.256 | 6.113 | 6.941 | -2,3 | 3,0 | 16,3 | 13,5 |
| **Atvinnumál.......................................** | **4.343** | **5.999** | **5.456** | **19,4** | **13,9** | **38,1** | **-9,1** |
| Þar af: Landbúnaðarmál.................... | 1.683 | 2.576 | 2.103 | 15,0 | 5,3 | 53,1 | -18,4 |
| Samgöngumál......................... | 1.590 | 1.854 | 2.000 | 5,9 | 23,3 | 16,6 | 7,9 |
| **Vaxtagreiðslur..................................** | **5.249** | **7.383** | **3.781** | **42,1** | **14,9** | **40,7** | **-48,8** |
| **Aðrar greiðslur.................................** | **1.325** | **1.831** | **2.057** | **30,3** | **8,2** | **38,2** | **12,3** |
| **Greiðslur alls....................................** | **30.715** | **37.853** | **38.173** | **15,0** | **8,5** | **23,2** | **0,8** |